Fimmtudaginn 3. desember 1992.

Nr. 238/1992. **Kerfisþróun hf.**

gegn

Íslandsbanka hf.,
Verslunarlánasjóði,
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða,
Þ. Jónssyni og Co. hf. og
þrotabúi Sveins Egilssonar hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. júní 1992. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 8. maí 1992, á hluta fasteignarinnar Skeifunnar 17 í Reykjavík. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hinni áfrýjuðu uppboðsgerð verði með eða án ómerkingar eða heimvísunar, með eða án nýrra gagna, raka og málsástæðna hrundið og dæmd ógild og uppboðið í heild sinni fellt úr gildi". Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti borgarfógetans í Reykjavík, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Skjöl málsins bárust Hæstarétti með bréfi sýslumannsins í Reykjavík 17. september sl. Lögð hafa verið fram afrit af bréfum sýslumannsins í Reykjavík til aðila málsins, þar sem því er beint til þeirra að senda greinargerðir sínar til Hæstaréttar. Með myndsendibréfi 7. október sl. var sóknaraðila veittur frestur til 9. sama mánaðar til að skila greinargerð af sinni hálfu.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð og ekki tilgreint þær ástæður, sem hann reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr. 145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar sem sóknar-

aðili hefur ekki bætt úr því þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar, verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 149. gr. sömu laga.

Varnaraðili Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða hefur sent Hæstarétti greinargerð. Krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Frá öðrum varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Kerfisþróun hf., greiði varnaraðila Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða 30.000 krónur í kærumálskostnað.